



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2019

R19110027

Borgarráð

Starfshópur um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópskra heilsuborga

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópskra heilsuborga eru lögð fram til kynningar. Á meðal helstu verkefna hópsins er að a) vinna tillögu að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar, b) gera tillögu að þróun lýðheilsuvísa Reykjavíkurborgar og reglubundinna rannsókna á heilsu og líðan innan borgarinnar og c) að undirbúa umsókn Reykjavíkurborgar að samtökum evrópskra heilsuborga (WHO European Healthy Cities Network).

Greinargerð:

Þann 2. maí 2019 samþykkti borgarráð tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg sækti um aðild að sjöunda fasa verkefnisins European Healthy Cities Network hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (World Health Organization). Að auki var samþykkt að meðfram vinnu við umsóknarferlið yrði mótuð lýðheilsustefna fyrir Reykjavíkurborg byggð á þeim undirbúningi sem farið hefur fram í samstarfi við embætti landlæknis og fulltrúa úr háskólasamfélaginu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópskra heilsuborga.

ERINDISBRÉF

Drög

Starfshópur um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópskra heilsuborga (WHO European Healthy Cities Network)

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Þann 2. maí 2019 samþykkti borgarráð tillögu þess efnis að Reykjavíkurborg sækti um aðild að sjöunda fasa verkefnisins European Healthy Cities Network hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (World Health Organization). Að auki var samþykkt að meðfram vinnu við umsóknarferlið yrði mótuð lýðheilsustefna fyrir Reykjavíkurborg byggð á þeim undirbúningi sem farið hefur fram í samstarfi við embætti landlæknis og fulltrúa úr háskólasamfélaginu.

Hlutverk og helstu verkefni:

- Vinna tillögu að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar í samráði við viðeigandi aðila innan og utan borgarkerfis, ásamt tillögum að framfylgd og fyrstu aðgerðum.
- Gera tillögu að þróun lýðheilsuvísa Reykjavíkurborgar og reglubundinna rannsókna á heilsu og líðan innan borgarinnar með áherslu á samnýtingu og samstarf og þær reglulegu kannanir og rannsóknagrunn sem þegar er fyrir hendi.
- Undirbúningur umsóknar Reykjavíkurborgar að samtökum evrópskra heilsuborga (WHO European Healthy Cities Network) í samráði við viðeigandi aðila.
- Framfylgja samstarfssamningi Reykjavíkurborgar, embættis landlæknis og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Vera bakhópur fyrir rannsókn Reykjavíkurborgar, Embættis landlæknis, Hagstofunnar og Félagsvísindastofnunar á félagslegu landslagi í Reykjavík
- Önnur verkefni sem vísað er til hópsins.

Starfshópurinn skipa:

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir sviðsstjóri áhrifaþátta heilbrigðis hjá Embætti landlæknis (formaður).

Þráinn Hafsteinsson, fulltrúi velferðarsviðs.

Ævar Harðarson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs.

Soffía Pálsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs.

Ómar Einarsson, fulltrúi íþróttá- og tómstundasviðs.

Fulltrúi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Fulltrúar annarra fagsviða kallaðir til samstarfs eftir þörfum.

Með hópnum starfa:

Unnur Margrét Arnardóttir verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Svavar Józefsson verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn fundar með borgarstjóra, formanni velferðarráðs, landlækni og forstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins eftir því sem vinnu hans vindur fram og að minnsta kosti tvisvar á ári. Starfshópurinn hefur heimild til að leita ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstími:

Starfshópurinn geri tillögu að verk- og tímaáætlun fyrir einstaka verkþætti til ábyrgðarmanns.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson